

1871.

23. febrúar.

12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vatnsveitingar og engjarækt í Suðurumdæminu.¹

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, með bræfi 17. oktr. f. á. hafið skýrt frá framkvæmdum vatnsveitingamanns Nielsar Jörgensens í suðuramtinu í fyrra, hafið þér getið þess, að tæður vatnsveitingamaður hafi til þessa aðeins fengið við vatnsveitingar í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Borgarfjarðarsýslu, og að Rangvellingar hafi æskt þess, að fá aðstoð hans til slíkra framkvæmda, er þér álitíð mikils varðandi fyrir framfarir landsins. Samkvæmt ósk húss- og bústjórnarfélags suðuramtsins hafið þér þess vegna farið þess á leit, að tæðu félagi verði veittur aptur á þessu ári 200 eða 250 rd. styrkur til þess að geta fengið vatnsveitingamann Niels Jörgensen til að koma aptur að sumri, en hann hefir látið það í ljósi, að hann væri fús til þess með sömu kjörum og áður.

Eptir að stjórnarráðið hafði skrifazt á við hið konunglega landbústjórnarfélag um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að félagið er fúst til að leggja til þessa allt að 125 rd., en stjórnarráðið leyfir fyrir sitt leyti, að borgað verði jafnmikið til þessa fyrirtækis af því fê, sem veitt er með fjárhagslögum þessa fjárhagsárs, 20. gr. VI. C. Um ráðstafanir þær, sem gjörðar verða, býst stjórnarráðið við að fá skýrslu frá yður.

25. febrúar.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til Kapítainlieutenant Hammers og fl., um breytingu á ferða-áætlun póstgufuskipisins fyrir árið 1871.

Um leið og þér, herra Kapítainlieutenant, fyrir hönd hins danska fiskifélags, ásamt kaupmönnum Örum og Wulff fyrir hönd 5 annara kaupmanna, og alþingismanns Jóns Sigurðssonar,

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 825.

með bréfi 31. f. m. hafið sent dómsmálastjórninni eptirrit af bænarskrá, 17. desembr. f. á., til fjárhagsstjórnarinnar, þar sem þær sækid um, að ferða-áætlun hins íslenzka póstgufuskips 1871 verði breytt þannig, að skipið komi við á austurströnd Íslands eins og í fyrra, en þessu var neitað með bréfi aðalpóststjórnarinnar 27. f. m., hafið þær mælt til, að dómsmálastjórnin mæli fram með því, að það verði íhugað á ný, hvort eigi megi breyta ferðaáætluninni á þá leið, sem getið er.

Eptir að dómsmálastjórnin útaf þessu hafði sent fjárstjórninni bænarskrá yðar, og jafnframt mælt mjög með því, að málið yrði íhugað á ný, verður stjórnarráðið því miður að gefa yður ttl vitundar, að fjárstjórnin hefir látið í ljósi, að ekkert það atvik sè komið fram, er geti gjört það að verkum, að öðruvísi verði litið á málið, en áður var, og geti því með svofelldu móti á þessu ári ekki orðið nein breyting á ferða-áætluninni.¹

1871.

25. febrúar.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af lóðargjaldi af verzlunarhúsum, selveiði og rekaförum.

1. marz.

Í bréfi, dagsettu 8. marzm. f. á., hafið þær, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins þær spurningar, sem hér skal greina:

1. hvort sá arður, er eigandi jarðar hefir af verzlunarhúsum, sem byggð eru á jörðunni, skuli talinn með, þegar virða skal þær tekjur af allri jörðunni, er greiða skal af alþingistoll, og
2. hvort afgangur af selveiði, rekaviði eða því um líku skuli telja með landskuld, og taka af því alþingistoll.

¹) Seinna var samt ferða-áætluninni breytt á þá leið sem um var beðið.